

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 8. nóvember 2021

Mál nr. S-4407/2020:

Héraðssaksóknari

(Dröfn Kærnested aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður)

Dómur

Árið 2021, mánudaginn 8. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinsyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-4407/2020: Ákærvaldið gegn X en málið var dómtekið 11. f.m.

Málið er höfðað með ákæru héraðssaksóknara, dagsettri 2. júlí 2020, á hendur:

„X, kennitala [...],

[...], Mosfellsbæ,

fyrir kynferðisbrot, með því að hafa laugardaginn 16. júní 2018 á heimili sínu á [...], strokið utanklæða upp og niður eftir rassi A, kt. [...] sem var gestkomandi á heimili X.

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kt. [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 1.000.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 16. júní 2018, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótaskrafa þessi er birt til greiðsludags. Einnig er þess krafist

að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Verjandi ákærða krefst aðallega sýknu og að miskabótakröfu verði vísað frá dómi. Til vara er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa og að miskabótakrafa sæti lækkun. Málsvarnarlauna er krafist úr ríkissjóði að mati dómsins.

Með bréfi réttargæslumanns brotaþola, dagsettu 25. febrúar 2019, barst kæra og skaðabótakrafa A á hendur ákærða vegna atburðarins sem í ákæru greinir. A gaf skýrslu hjá lögreglunni 19. mars 2019 og ákærði 28. mars 2019 og neitaði sök.

Nú verður rakinn framburður ákærða fyrir dómi og vitnisburður hjá lögreglu eins og ástæða þykir.

Ákærði neitar sök. Hann kvað matarboð hafa verið á heimili þeirra hjóna á [...] á þeim tíma sem í ákæru greinir. Auk þeirra hjóna hefðu verið þar A, B og C. Hann kvað matarboðinu hafa lokið á innan við mínútu og ekkert sagnæmt hafa gerst og neitaði hann að hafa framið háttsemina sem í ákæru greinir. Hann lýsti kunningsskap matargesta og kvað B vera bernskuvinkonu D, elstu dóttur sinnar, og lýsti hann því. Hann kvað B hafa verið búsetta á [...] og E, eiginkona hans, hefði haft vitneskju frá henni um að hún vildi koma í heimsókn og hefði E boðið B og dætrum hennar til sín og að gista og þiggja góðan beina hjá þeim hjónum. Ákærði lýsti því er þau E undirbjuggu matinn og er ákærði og gestirnir fóru saman og horfðu á landsleik á nálægu torgi í þorpinu. Eftir heimkomu af leiknum hefði ákærði tekið að bera upp borðbúnað og fleira, en matarboðið var á þaksvölum hússins, og lýsti ákærði aðstæðum á þakinu þar sem upp lá brattur stigi. Vínglös hefðu verið sett við disk hvers borðgests eftir því sem hann vissi best. Hann kvað B og C hafa verið á þaksvölunum á meðan undirbúningur matarboðsins átti sér stað. Við skýrslutöku hjá lögreglu lýsti ákærði því að stúlkan F hefði setið við borðið. Spurður um þetta fyrir dómi kvað ákærði hana hafa borðað pitsu á undan borðhaldinu og farið niður að því loknu. Hafi ákærði sagt að hún hefði verið þarna í upphafi þá hafi það verið endursögn af því að hún hefði verið þar meðan hún borðaði pitsuna. Hann lýsti sætaskipan við matarborðið þannig að ákærði hefði setið við enda borðsins, nær uppgangi, C hefði setið ákærða á hægri hönd og B hefði setið hinum megin borðsins. Allir hefðu verið sestir við borðið er E og A komu upp á þaksvallirnar, A á undan og E á eftir, en báðar hefðu komið upp með matföngin sem þær lögðu á borðið. E hefði sest í sitt sæti, andspænis ákærða, og A hefði farið vinstra megin við ákærða og sest. E hefði síðan sagt fáein vinsamleg orð og boðið gesti velkomna. Skyndilega hefði B sprottið á

fætur og gefið yfirlýsingu eitthvað á þessa leið: „X, þú átt að biðja dóttur mína afsökunar, þú káfaðir á henni, ég sá það.“ Ákærði sagði að þetta hefði komið eins og þruma úr heiðskíru lofti og hann ekki vitað hvað væri á seyði. Áður hefði A farið aftur fyrir ákærða þar sem hann sat og sest í sæti sitt við borðið. Eftir þetta hefði A staðið á fætur og sagt „mamma, ég get talað fyrir mig sjálf“ og hefði hún farið niður við svo búíð. Við skýrslutöku hjá lögreglunni lýsti ákærði því svo að A hefði farið er móðir hennar ásakaði ákærða. Fyrir dóminum kvað hann það ekki rétt og hann hefði sagt að það væri misskilningur því atburðir hefðu alltaf verið eins og hann bar fyrir dóminum um þetta. A hefði farið eftir þetta, eins og hann lýsti. Ákærða var gerð grein fyrir framburði A hjá lögreglu, þess efnis að hún hefði verið búin að vera á þaksvölunum í 10–15 mínútur er hún stóð á fætur og fór að hlið ákærða til að skenkja í glös sem hún sagði að hefði verið þar raðað upp saman. Spurður um þetta kvaðst ákærði hafa hellt í glösin en hann kvaðst ekki geta fullyrt svona löngu síðar hvort glösin hefðu verið við hvern disk eða á bakka á borðinu. Við það sem rakið var hefði borðhaldið leyst upp, á innan við mínútu eftir að það hófst. Ákærði kvaðst ekki hafa átt von á svona uppakomu eins og hefði orðið og ekkert hefði gefið tilefni til þessa. Hann kvaðst hafa haldið ró sinni en látið sig hverfa. Ákærði kvað engan hafa vefengt það að E og C hefðu verið staðsettar þannig við borðið að þær hefðu séð allt sem gerðist. Meiri vafi væri á sjónlínu B að því er ákærði greindi frá og lýsti.

Vitnið A kvað þær B, móður sína, og E, eiginkonu ákærða, hafa farið á undan ákærða heim eftir að hafa horft á landsleik í fótbolta á nálægum bar og byrjað að undirbúa borðhald á þaksvölum húss ákærða á þeim tíma sem í ákæru greinir. Hún lýsti tilefni dvalarinnar hjá ákærða og E, hún hefði boðið móður vitnisins og systur að koma í heimsókn, en þau hefðu öll búíð á [...]. Hún hefði einnig verið á [...] og farið með í heimsóknina sem standa hefði átt yfir helgi. Hún lýsti aðstæðum og því að ákærði og E hefðu setið við enda matarborðsins hvort andspænis öðru. Hún kvaðst hafa setið vinstra megin við ákærða og móðir hennar vinstra megin við vitnið og því næst E og C við hlið hennar. Hún kvaðst hafa tekið þátt í því að bera matföng upp á þaksvölinnar. Í vitnisburði E hjá lögreglu segir að þær E hafi verið saman í eldhúsinu, vitnið hafi tekið salatskál og gengið upp á þakið og E á eftir og E hafi staðið fyrir aftan vitnið er vitnið lagði salatskálina á borðið. Fyrir dóminum kvað A þetta vel hafa getað átt sér stað, hún myndi atburði ekki svo vel nú að hún gæti staðfest þetta. Hún myndi ekki hvort einhver annar hefði farið upp á þaksvölinnar á sama tíma, en ákærði hefði komið þangað skömmu áður en borðhaldið hófst. Þau hafi verið byrjuð að borða en vín hafi verið haft með matnum og hafi vínið verið geymt í vaski fyrir aftan ákærða. Eftir um það bil 20 mínútur, eða í miðju borðhaldi, eins og vitnið bar, hefði hún staðið upp, farið aftur fyrir ákærða vegna þess að þar fyrir aftan var vaskurinn þar sem vínið var geymt, sótt vínið og þá haft ákærða

á vinstri hönd. Hún hefði byrjað að skenkja í öll glösin í einu, en glösin hefðu áður verið rétt yfir borðið og þeim komið fyrir á einum stað þar sem hellt var í þau. Hún mundi ekki hvort búið var að skenkja víni í glösin áður en til þessa kom en síðar kvað hún það hugsanlegt. Í vitnisburði B, móður vitnisins, hjá lögreglu kvað hún glösin hafa verið hjá hverjum og einum gestanna er hellt var í þau og er atburðurinn í ákæru átti sér stað og hefði A verið að hella í glas B. Spurð um þetta fyrir dómi kvaðst A ekki geta svarað þessu og vísaði á móður sína. A kvað ákærða hafa byrjað að strjúka á henni rassinn mjög ákaft meðan hún hellti í glösin einu sinni upp og niður, en vitnið kvaðst hafa verið í kjól. Hún kvað sér hafa brugðið mjög en sest aftur við borðið og móðir hennar þá spurt hvað væri að. A kvaðst ekki hafa komið upp orði og móðir hennar hefði þá sagt við ákærða að hún hefði séð hvað hann gerði og hún beðið ákærða að biðja dóttur sína afsökunar. Ákærði hefði sagt að hann vissi ekki hvað hún væri að tala um og vitnið þá staðið upp frá borðinu, farið niður af þaksvölunum í herbergi sitt og hringt þaðan í G, fyrrum unnusta sinn, og eftir að hún hefði sagt honum frá atburðum og spurt hann hvað hún ætti að gera hefði hann ráðlagt henni að fara. Hún hefði þá farið til systur sinnar, sem var í öðru herbergi, og hefðu þær síðan farið í göngutúr. Hún hefði sagt systur sinni hvað gerðist og eftir það hringt í móður sína og sagt henni að þakka dótinu svo þær gætu farið. Er hún kom að húsinu hefði hún heyrt öskur og köll og E þá verið að biðja móður vitnisins að vera áfram og fara ekki í svona miklum flýti, það væri svo leiðinlegt að þetta endaði svona. Ákærði hefði staðið við hlið E og kallað að ef þær færu með þetta í fjölmiðla þá myndi hann lögsækja þær móður hennar. Þær hefðu síðan farið og ekið til [...]. Spurð hvers vegna hún leitaði ekki til lögreglu fyrr en í mars 2019 kvað hún ástæðuna þá að hún hefði ekki verið viss hvort hún ætti að leita til lögreglu á [...] eða á Íslandi. Hún lýsti líðan sinni er þessi atburður átti sér stað og jafnframt líðan eftir þetta. Hún kvaðst hafa leitað sér aðstoðar hjá sálfræðingi vegna atviksins sem í ákæru greinir.

Vitnið E, eiginkona ákærða, lýsti því er komið var heim eftir að landsleik sem horft var á á nálægu torgi lauk. Eftir heimkomu hefði ákærði farið upp á þaksvallir með borðbúnað og hvítvinsflöskur og hefði hún beðið hann að halda gestunum, B og C, selskap uns maturinn yrði borinn á borð. Hún hefði verið í eldhúsinu er A kom og bauð aðstoð sína sem hún þáði og hefðu þær eftir það farið með matföngin upp á þaksvallirnar, A á undan og vitnið á eftir. Er þær komu upp hefði A gengið að borðinu og ákærði hefði setið við enda borðsins, næst þeim. Þá hefði C setið við borðið og B beint á mótí henni. Er þær komu upp hefði A gengið að borðinu hægra megin við ákærða og lagt fötin á borðið, snúið við, gengið að sæti sínu og sest. E kvaðst hafa komið strax á eftir og lagt matinn á borðið, en allt hefði þetta tekið um fjórar sekúndur, eins og vitnið bar. Hún hefði sest við enda borðsins gegnt ákærða, haldið stutta ræðu og boðið gesti velkomna. Hefði eitthvað gerst hefði hún séð það þar sem hún stóð rétt fyrir aftan A og ákærði hefði þurft

að teygja hægri höndina til að strjúka rassinn á A en ekkert slíkt hefði gerst. Hún kvaðst varla hafa sleppt orðinu er B hefði heimtað að ákærði bæðist afsökunar og sagt að hann hefði káfað á dóttur hennar og hefði hún haldið áfram og sagst hafa heyrt margar sögur af ákærða, og lýsti vitnið þessu. A hefði þá staðið upp frá borðinu og sagt „mamma, ég get alveg séð um mig sjálf“ og gengið niður við svo búið og hefði E ekki séð hana eftir það. Hún kvað A aldrei hafa staðið upp og hellt í glös gesta því ákærði hefði gert það að sinni beiðni en hún þá verið niðri og annast matseldina. B hefði haldið áfram að þusa, eins og vitnið bar, og lýsti hún því. Hún kvað B og dætur hennar hafa farið eftir þetta.

Vitnið B kvað E hafa boðið sér að koma í heimsókn til sín á þeim tíma sem í ákæru greinir og lýsti hún kunningsskap þeirra. Hún lýsti dvölinni á heimili ákærða 16. júní 2018, fram til þess tíma er ákærði hefði sagst þurfa að fara að koma sér út til að horfa á landsleik á nálægu veitingahúsi eða bar. Hún lýsti ferð allra á barinn þar sem horft var á leikinn og eftir að honum lauk hefðu þau setið áfram og spjallað og ákærði ákveðið að verða eftir en hin farið heim til að undirbúa matinn. Maturinn hafi verið á þaksvölunum. Maturinn hafi verið undirbúinn niðri í eldhúsi en síðan hafi hann verið færður upp á þaksvalinna, en E hafi eldað matinn. Er flest var komið á borðið hefði ákærði komið og sest við enda borðsins og hugsanlega hefði hann aðstoðað áður en þau fóru á leikinn, hún vissi það ekki eða hver lagði á borðið. Þegar ákærði kom upp á þaksvalinna hefði vitnið verið þar ásamt F dóttur sinni, E og C. Nánar spurð kvað hún vel geta verið að E og A hefðu á þessum tíma verið niðri en síðan borið matinn upp, en hún kvaðst ekki geta fullyrt þetta. E hefði setið á móti ákærða, C, vinkona E, hefði setið henni á vinstri hönd og A á vinstri hönd og vitnið við hlið A og F, dóttir vitnisins, hinum megin við vitnið, en hún hefði fljótlega farið niður. Hún mundi ekki hvort E og A hefðu komið saman á þaksvalinna með matföng sem þær lögðu á borðið. Þegar allir voru sestir til borðs, hún mundi ekki hvort maturinn var kominn á diska gestanna en búið hefði verið að leggja á borðið og vínglös við disk hvers og eins, að því er hana minnti, hefði A staðið upp, sótt víNFLösku og farið að skenkja í glösin og þegar hún hefði staðið hægra megin við ákærða hefði ákærði teygt höndina upp eftir lærinu á A og upp á rass, upp og niður, en á þessum tíma hefði A teygt sig yfir borðið til að hella í glasið hjá vitninu og hún þá séð ákærða gera það sem hún lýsti. Spurð hvort A hefði verið að hella í glas vitnisins kvaðst hún ekki vera viss hvort hún hefði verið að hella í glas hennar eða í glas C. Spurð hversu oft ákærði strauk A upp og niður rassinn kvað hún það hafa verið svona tvisvar sinnum, eins og vitnið bar, en hún kvaðst ekki muna það. Nánar spurð og beðin um lýsingu á því hvernig ákærði strauk A og hvar kvaðst hún ekki geta það, hún myndi það ekki, en kvað ákærða hafa strokið rassinn upp og niður. Spurð hvort hann hefði farið undir fötin tók vitnið fram að hún teldi A hafa verið í buxum á þessum tíma. Við skýrslutöku hjá lögreglu 10. apríl 2019 greindi vitnið B svo frá: „Já, hann gerði þetta svona sko, ég man ekki hvort hann

fór inn í klofið á henni, eða hvort hann, hérna byrjaði þar, eða fór upp, eða byrjaði upp og fór niður í klofið á henni, skilurðu, eða aftan á rassinn og inn í klofið á henni, en þannig var það, hvað hann gerði það oft, ætli það hafi ekki verið svona þrisvar sinnum, eitthvað svona þrisvar, já.“ Fyrir dómi kvaðst hún halda sig við þennan vitnisburð hjá lögreglu. Í skýrslutöku hjá lögreglunni 10. apríl 2019 greindi vitnið B svo frá: „og ég er að fylgjast með henni, af því að um leið já og var eitthvað að tala við X og er svo að fylgjast með henni og meðan hún er að hérna að skenkja í glasið hjá mér, þá hérna sé ég það að hann tekur hægri höndina og fer með hana bara á rassinn á henni og strýkur henni upp og niður.“ Vitnið staðfesti þessa frásögn fyrir dóminum. Síðar sagði vitnið að A hefði ekki verið að hella í glas vitnisins er atburðurinn átti sér stað en hún kynni að hafa verið nýbúin að gera það. Nánar spurð um þetta kvaðst vitnið halda sig við vitnisburðinn sem hún gaf hjá lögreglu, hún myndi þetta ekki glögggt í dag. Hún taldi að borðhaldið hefði staðið í um 10 mínútur er þetta átti sér stað. Hún hefði séð að A hefði stirðnað upp, lagt frá sér flöskuna, komið og sest við hlið vitnisins. Hún hefði þá sagt við ákærða að sér fyndist að hann ætti að biðja dóttur hennar afsökunar. Ákærði hefði þá spurt „fyrir hvað“. Hún hefði þá sagt að hann hefði káfað á A, en hún hefði staðið upp og hlaupið grátandi niður. Hún kvað einhver samtöl hafa átt sér stað á þakinu eftir þetta en E og C hefðu ekki tekið eftir þessu. Ákærði hefði þverneitað og rokið síðan frá borðinu og niður af þaksvölunum. Hún hefði setið eftir og útskýrt þetta fyrir E og C. Um klukkustund eða einni og hálfri klukkustund síðar, að því er hún taldi, hefði hún fengið símtal frá A og yngri dóttur sinni og þær sagst vera farnar út úr húsinu og vilja komast burt og beðið hana að pakka svo þær gætu farið. Hún hefði þá farið niður og inn til ákærða þar sem hann lá og las bók. Hún hefði farið til hans og sagt að hann skyldi ekki halda að hann kæmist upp með þetta. Hún lýsti því er hún og dætur hennar pökkuðu saman farangri sínum skömmu síðar.

Vitnið C kvað sér hafa verið boðið í mat á heimili ákærða og E á þessum tíma, en þau þekktust vegna búsetu á [...]. Þegar þau komu heim eftir að hafa horft á landsleik í fótbolta hefðu vitnið, B og ákærði farið upp á þak og F hefði verið þar að borða pitsu. E og A hefðu verið í eldhúsinu að undirbúa matinn sem E hefði eldað. Hún skýrði frá sætaskipan við borðið og hefði ákærði setið vinstra megin við vitnið, A beint á móti henni, B hefði setið á ská hægra megin hinum megin borðs og E við hlið hennar. E og A hefðu komið upp með matföng hvor á eftir annarri, E á undan, og lagt á borðið og báðar sest við borðið á sama tíma, en A hefði staðið hægra megin við ákærða er hún lagði matinn á borðið. Búið hefði verið að leggja á borðið og setja glös við matardiska og hefði ákærði hellt í glösin. A hefði síðan sest og verið rétt sest niður og er verið var að færa matinn á diska gesta og vín komið í glös, að því er hún teldi, og hún teldi ákærða hafa skenkt í glösin, hefði B öskraði á ákærða og sagði honum að biðjast afsökunar en ákærði

hefði ekki skilið hvað B var að tala um. Spurð um sakarefnið kvaðst vitnið reikna með að hafa tekið eftir því hefði ákærði strokið bakhluta E á þessum tíma og hún teldi að hún hefði átt að verða vör við það hefði það átt sér stað, þar sem ákærði hefði setið nánast við hlið vitnisins og hún hefði snúið sér að A er hún kom og setti matinn á borðið og ekkert hefði byrgt henni sýn þaðan sem hún sat. Hún myndi ekki eftir því að A hefði hellt í glösin við borðið. A hefði sagt að hún gæti svarað fyrir sig sjálf, staðið upp og farið og hefði vitnið ekki séð hana eftir það. Eftir þetta hefði B haldið áfram með ásakanir og ljót og dónaleg orð, bæði í garð ákærða og E. Ákærði hefði farið frá borðinu en B haldið áfram með ósmekklegar ásakanir í garð E og hún farið og komið við hjá ákærða og kvatt þar með.

Vitnið F lýsti heimsókn með móður sinni á heimili ákærða á þessum tíma. Hún lýsti því er maturinn var færður á borðið en hún hefði ekki viljað borða og þá farið niður. Eftir um 20 mínútur hefði A hringt og þær farið út eftir það. Er hún ætlaði að fara til A hefði hún séð ákærða inni í herbergi sínu að lesa og henni hefði fundist það skrítið. Er hún kom til A hefði hún verið grátandi í símanum. Hún hefði spurt hvað væri í gangi og hún sagst ætla að segja henni það er þær færu út og þá hefði hún sagt að ákærði hefði strokið á henni rassinn. Hún hefði þá hringt í móður sína og þær ákveðið að fara.

Vitnið G lýsti því er A, fyrrum unnusta hans, hringdi í hann 16. júní 2018. Hún hefði verið í áfalli eftir atvik í matarboði heima hjá ákærða en A hefði sagt ákærða hafa káfað á bakhluta hennar án hennar vilja.

Vitnið H kvað A vinkonu sína hafa hringt grátandi í sig á þeim tíma sem í ákæru greinir og greint sér frá því að ákærði hefði strokið á henni rassinn og þær mæðgur hefðu komið á heimili hans um tveimur til þremur klukkustundum síðar.

Niðurstaða

Ákærði neitar sök.

Lögð var fram kæra á hendur ákærða f.h. A í mars 2019 eða rúmum átta mánuðum eftir atburðinn sem í ákæru greinir og kvað A ástæðuna þá að hún hefði ekki verið viss hvort hún ætti að leita til lögreglu á [...] eða á Íslandi.

Vitnið B hafði uppi ásakanir á hendur ákærða við borðhaldið, eins og rakið var, en brotapolinn A gerði það fyrst við skýrslutöku hjá lögreglunni 19. mars 2019, eða níu mánuðum eftir atburðinn sem í ákæru greinir. Vitnið A lýsti atburðum svo að hún hefði verið að hella í vínglös sem öll voru á einum stað á borðinu og staðið við hægri hlið ákærða er hann strauk á henni rassinn en hún hefði klæðst kjól. Hún hefði sest eftir þetta og síðar farið niður, eins og rakið var.

Vitnið B, móðir A, lýsti atburðum svo að þegar allir voru sestir til borðs hefði A staðið upp, sótt víNFLösku, og er hún stóð hægra megin við ákærða að skenkja í glösin hefði hann teygt höndina upp eftir lærinu á A, og staðfesti hún að atburðir hefðu verið

eins og hún greindi frá hjá lögreglu 10. apríl 2019, eins og áður var rakið, og á sama tíma og A hefði teygt sig yfir borðið til að hella í glasið hjá vitninu. Spurð hvort A hefði verið að hella í glas vitnisins kvaðst hún ekki vera viss hvort verið var að hella í glasið hennar eða í glas C. Nánar spurð um lýsingu á því hvernig ákærði strauk A kvaðst vitnið ekki geta það, hún myndi það ekki, en hún kvað ákærða hafa strokið rassinn upp og niður og hana minnti að A hefði verið í buxum. Síðar í vitnisburðinum fyrir dómi sagði vitnið B að A hefði ekki verið að hella í glas vitnisins er atburðurinn átti sér stað en hún kynni að hafa verið nýbúin að gera það. Nánar spurð um þetta kvaðst vitnið halda sig við vitnisburð sinn hjá lögreglu, hún myndi þetta ekki svo glögg í dag.

Vitnið B lýsti atburðum nokkuð á annan veg hjá lögreglu, eins og rakið var, og fyrir dóminum kvaðst hún halda sig við vitnisburðinn hjá lögreglu.

Vitnið E, eiginkona ákærða, kvað atburðinn sem í ákæru greinir ekki hafa átt sér stað.

Vitnið C kvaðst reikna með því að hafa séð það hefði ákærði viðhaft háttsemina sem honum er gefin að sök en hún hefði snúið sér að A er hún kom með matinn á borðið og ekkert hefði byrgt henni sýn. Af vitnisburði hennar fyrir dómi og hjá lögreglu má ráða að hún hafi ekki séð ákærða viðhafa háttsemina sem um ræðir.

Ákærði og fjögur vitni eru til frásagnar um það sem gerðist undir borðhaldinu. Ákærði hefur frá upphafi neitað sök og fær framburður hans stoð í vitnisburði E og C, eins og rakið hefur verið. Ráða má af vitnisburði B fyrir dómi að hún muni atburði ekki vel og kvaðst hún standa við vitnisburðinn sem hún gaf hjá lögreglu en þar er atburðum lýst á nokkuð annan hátt en vitnið A gerir. Vitnisburður þessara tveggja vitna er um sumt ósamrýmanlegur, t.d. um það hvernig þær lýsa háttsemi ákærða o.fl. Vísast til vitnisburðar þeirra til skýringar á þessu álitni dómsins.

Við mat á sönnunargildi vitnisburðar E, eiginkonu ákærða, og B, móður brotþola, er litið til tengsla þessara vitna við ákærða annars vegar og brotþola hins vegar, sbr. 126. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

Vitnisburður B er óstöðugur auk þess sem hún man atburði ekki glögg í dag, eins og hún bar, og er vitnisburður hennar um sumt ósamrýmanlegur vitnisburði A, eins og rakið var. Vitnisburður A fær því hvorki þá stoð sem þarf af öðrum vitnisburði né af öðrum gögnum málsins til að unnt sé að leggja hann til grundvallar niðurstöðunni, gegn neitun ákærða, en neitun hans fær stoð í vitnisburði E og C.

Samkvæmt öllu framanrituðu er ósannað, gegn neitun ákærða, að hann hafi framið háttsemina sem í ákæru greinir og ber að sýkna hann.

Vísa ber miskabótakröfu A frá dómi, sbr. 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. 683.240 króna réttargæsluþóknun Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmans, skipaðs réttargæslumanns

A, og 1.884.800 króna málsvarnarlaun Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar lögmanns. Tekið hefur verið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun þóknunar lögmannna.

Dröfn Kærnested saksóknari flutti málið fyrir ákærvaldið.

Guðjón St. Marteinson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð

Ákærði, X, er sýknaður af kröfum ákærvaldsins.

Miskabótakröfu A er vísað frá dómi.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. 683.240 króna réttagæsluþóknun Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns og 1.884.800 króna málsvarnarlaun Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar lögmanns. Tekið hefur verið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun þóknunar lögmannna.

Guðjón St. Marteinson